



Utanríkisráðherra - Bréfa- og málasafn janúar - júlí 1947.

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál - Povl Bang-Jensen – Louis S. Dreyfus - Thor Thors - Legation of Iceland, Washington, D.C.

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-10, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AMERICAN LEGATION

REYKJAVIK

ICELAND

Stockholm

Feb 16, 1947.

Dear friends:

Please allow me to
extend to you our warmest
congratulations on your appointment
to be Minister for Foreign Affairs.

I was delighted to hear
that a cabinet was

We were also very sorry not to have seen you in New York. The trucking strike made things more difficult for us and there were so many things to wind up before our sailing that we could not do all the things we would like to have done. However, >

hope we shall have the pleasure of meeting you again some day in the not too distant future. We will never forget the great kindness you showed us in Reykjavik.

We arrived here on Xmas day and we have had a busy time getting our house in order. It is not yet quite ready but any way we are operating on 7 cylinders.

We often think of our good friends in Reykjavik amongst whom we count you and your charming wife. We both send our best wishes for every possible success in your new work and very cordial greetings to both of you

P.S. I know you will find Bill Trumble ^{my sincerely yours}
to be an excellent diplomatic representative. ^{Love S. Dreyfus}
His wife are genuine & truly nice people.

finally formed. I hope
and pray it will keep foremost
in its mind the good of Iceland.

Our good friend, Olafur
Thors will probably have
a good rest now and
perhaps travel with his
wife. I hope we shall
see him over here
some time.

19. apríl 1947.

Kæri vinur,

Ég þakka þér og þinni ágátu konu innilega fyrir síðast svo og skeytið, sem mér barst frá þér eftir heimkomuna. Vonu ég, að þið hafið haft ánægju af ferðinni, þótt erfið væri, svo og að heimsóknin til Kúba hafi gengið að óskum.

Í dag hefi ég sent þér skeyti þar sem þú ert beðinn að verða fulltrúi Íslands á vantanlegum aukafundi Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna einnig verið tilkynnt hið sama í skeyti, sem sent var um leið og hitt. Ástæðan til þess, að nokkuð hefur dregist að taka ákvörðun um þetta er sú, að uppi voru hugleiðingar um hvort nota ætti þetta tækifæri til að senda sérstakan mann vestur til að ræða við Bandaríkjastjórn um viðskiptamál Íslendinga. Hafði ég þá einkum Ólaf bróður þinn í huga en nú hefur svo skipast, að hann telur ekki skynsamlegt að fara slíka för að sinni að minsta kosti.

Þú fylgdist nokkuð með markaðshorfunum og samninga-umleitunum þegar þú varst hér á dögunum og nú hefur þér verið sent stutt yfirlit yfir þetta í skeyti. Þá hef ég einnig mælt svo fyrir, að ásamt þessu bréfi skuli þér send afrit af helztu skeytunum, sem hafa farið á milli ráðuneytisins og sendinefndarinnar í Moskva. Af öllu þessu færð þú vantanlega glögga hugmynd um hvernig þessi mál standa nú.

Um samningana í Englandi er það að segja, að þeir

Herra sendiherra

Thor Thors

Washington.

virðast vera í þann veginn að komast á. Þeir eru auðvitað engan veginn hagkvæmir fyrir okkur en þó ef til vill eigi lakari en skynsamlega hefði mátt ætla. Það versta í þeim er, að í raun og veru er ekki um fasta sölu á frysta fiskinum að ræða fyrr en sýnt er hvernig síldveiðarnar ganga og ef þær bregðast sitjum við uppi með verulegan hluta frystihúsaframleiðsunnar. Þá er og harla miklum hluta lýsiframleiðslunnar fórn að til að ná þessum samningi um hraðfrysta fiskinn. Við töldum þó eigi fært annað en ganga að þessum boðum til þess að geta losnað við einhvern hluta frysta fiskjarins þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er. Annað hefði haft í för með sér enn meiri aukningu saltfiskjarins, sem menn nú hafa þungar áhyggjur af. Þá er og á það að líta, að framkvæmd og framhald löndunarsamningsins við Breta er mjög komið undir því, að vinsamlegt samkomulag náist við þá að öðru leyti enda eigum við einnig mjög undir þá að sækja um vörukaup okkur til handa. Að öllu athuguðu urðu þessvegna allir aðrir en kommúnistar sammála um, að gera yrði þenna samning við Breta þótt eigi væri hann hagstæðari en raun ber vitni um. Enn stendur þó á samþykki fjármálaráðuneytisins brezka og nokkur þvarg er um þökkun fiskjarins og hversu mikið skuli láta af hverri tegund. Vonandi leysist það þó.

Um Rússasamningana er það aftur á móti að segja, að Rússar gerður ekkert tilboð sem möguleiki væri á að ganga að fyrrenn þessi samningsgrundvöllur var fenginn við Breta. Það var fyrst nokkrum dögum eftir það, sem Rússar gerðu tilboð, sem í raun og veru má segja, að sé nokkuð hliðstætt enska tilboðinu en þó í einu og öllu lakara fyrir okkur.

Eftirtektarvert er, að þó að úr heildarsamningnum ætti að nást nokkurveginn ábyrgðarverðs á fiskánum - ef Rússar fá svo mikið lýsismagn, sem þeir heimta, þá er fiskverðið sjálfst haft lægra en lýsisverðið þeim mun herra. Samningsfyrirvarinn er og sá sem hjá Bretunum - fiskurinn verður ekki tekinn nema lýsið sé raunverulega afhent.

Hið alvarlegasta í þessu er þó, að Rússar tilkynntu endanlega að þeir vildu engun saltfisk af okkur kaupa né heldur ísfisk. Hið sama höfðu þeir látið uppi áður um aðrar þýðingarminni vörartegundur. Nú voru aðalhagsmunirnir að samningunum við Rússa einmitt fengnir við sölu á saltfiskinum og er hér því um hin alvarlegustu tíðindi að ræða. Saltfiskframleiðsan verður sjálfsagt a.m.k. kringum 30 þúsund tonn, og telja menn mjög litlar líkur til, að öllu því magni, nema tiltölulega litum hluta þess, verði ráðstafað án þess að einhver sérstök höpp beri að höndum. Þarf ég ekki að fjölyrða um alvöru þessa við þig, þú þekkir hana mér miklu betur.

Við höfum enn ekki tekið endanlega ákvörðun í þessu efni - símuðum eftir frekari upplýsingum frá Moskva og erum að öðru leyti að hugsa okkar ráð. Stoðar það þó lítt eins og sakir standa.

Þá er þess að geta, að fyrir tveimur dögum kom Mr. Trimble á minn fund. Höfðum við ekki vikið að viðskiptamálum landsins eða samningahorfum frá því að Mr. Dummings var hér á dögnum. Mr. Trimble kom hingað til að ræða um venjuleg afgreiðslumál en að því búnu sagðist hann einnig vilja segja nokkuð um viðskiptamálin, sem hann hefði verið að hugsa um. Hreifði hann þeim því að fyrra bragði og án nokkurs tilefnis frá mér. Sagðist hann hafa verið að hugsa um sölu á slatfiskinum og spurði um, hvort við mundum hafa áhuga fyrir að selja eitthvað af honum til hernámssvæðis Bandaríkjanna í Þýskalandi. Sagði hann nú. Þverstaðtt því sem okkur

hafði áður skilið, að Bandaríkjamenn keyptu töluverðan fisk til Þýskalands. Hitt væri annað mál, að þeir vildu auðvitað borga sem minnst verð fyrir hann, og yrðu því að kaupa af þeim, sem ódýrast byði. Hann sagðist ekkert hafa fyrir sér um það, að Bandaríkjastjórn hefði nokkurn áhuga í þessu efni, eða vildi nokkuð gera, en sagðist af eigin hvötum viðja síma þá þegar til Washington um þetta efni, ef við af okkar hálfu hefðum einhvern áhuga. Ég kvað svo vera og sagði honum í stuttu máli hvernig sakirnar stæðu. Varð það því úr, að Mr. Trimble lofaði að síma þegar sama dag. Þá sagði Mr. Trimble, að hann hefði einnig áhuga fyrir ef við gætum selt einhveru frystan fisk í Bandaríkjunum ekki síst vegna þess, að uppi væri kröfur um kvóta á innflutningi. Sagðist hann að vísu vona, að hann yrði ekki settur á en hitt væri okkur aukin trygging ef við reyndum að minsta kosti, að halda því magni af innflutningi, sem við fram að þessu hefðum haft, og helst reyndum að bæta einhverju við. Spurði ég hann þá, hvort hann vildi ráðleggja, að við neituðum tilboði Rússanna. Sagði, að mér og öðrum sýndist það nokkuð áhættusamt á meðan við vissum ekkert hvaða möguleika við hefðum annarsstaðar. Tók hann undir það en talaði þá um þann hraðfrysta fisk sem við hefðum umfram. Í þessu sambandi hreifði Mr. Trimble því, einnig að fyrra bragði, hvort ekki væri ráðlegt fyrir okkur, að senda einn eða tvo menn, óformlega, til Bandaríkjanna, til þess að tala við State Department og verzlunarráðið þar um viðskiptamöguleikana landanna á milli, og benti á, að hægt væri að gera það meðal annars í sambandi við förina til United Nations eða á einhvern annan slíkan hátt, sem lítið bæri á. Sagði ég, að þetta kæmi heim við okkar eigin bollaleggingar og virtist mér þá Mr. Trimble ætla að hafa um þetta nánara samráð við

Cummings eða aðra yfirmenn þar vestra.

Nú veit ég ekkert hvað upp úr þessum ummælum Mr. Trimble er leggjandi, en sjálfsagt sýnist þó, að fylgja því efni, ef einhverjir möguleikar eru þar vestra. Er þess og að geta, að Mr. Gages, sem hér er í lýsiskaupaerindum, hafði mjög ýtt undir Jóhann Jósefsson um það, að ráðlegt væri að leita enn á Bandaríkjastjórn um að hún sameinaði viðskipti við okkur við aðstoð þá, sem hún verður nú að veita ýmsum þjóðum, t.d. við botn Miðjarðarhafs og í Þýskalandi. Er okkur þó fullljóst, að Mr. Gages hefur enga opinbera stöðu nú en vil vildum samt geta þessa úr því það kom fram.

Mér og sumum fleirum hafði sýnst að það mundi geta orðið til hjálpar ef Ólfur bróðir þinn færi vestur til að veita öllu þessu ennþá meiri áherlzu en þar sem hann telur sér það ekki fært á þessu stigi, sýnist mér að ekki muni til bóta að senda neinn annan, heldur láta málið vera að öllu í þínum höndum og þessvegna skrifa ég þér nú þetta bréf.

Efni málsins er þá það, að biðja þig nú enn að taka þetta mál upp við stjórnvöld þar vestra eftir því sem þú telur þér fært og líklegt til árangurs. Átti þeim mun meiri möguleiki að vera úr því að Trimble hefur af sinni hálfu og ótilkvaddur af okkur vakið máls á þessu enda reynir hann áreiðanlega að gera það sem hann getur gegn stjórn sinni til að greiða fyrir. Virðist það og, þrátt fyrir fyrri ummæli Bandaríkjamanna, harla ósennilegt að ef vilji er nægur, gæti stjórn þeirra ekki verulega greitt fyrir okkur í þessum efnum. Um pólitíska þýðingu þess þarf ég ekki að ræða við þig. Þú þekkir hana ekki síður en ég. Kommúnistar eru nú að efna til allsherjaruppnáms útaf skattahækkunum þeim, sem Alþingi hefur ákveðið eftir tillögum stjórnarinnar

og hafa fengið nýtt æðiskast útaf ráðstöfun á Hvalfjarðar-
geymunum. Þó að það mál sé Bandaríkjunum með öllu óvið-
komandi er ljóst, að fjárhagslegt hrun og öngþveiti muni,
eins og nú horfir, skapa kommúnistunum aukna möguleika til
að efla hinn fjandsamlega áróður sinn gegn Bandaríkjunum
enda breiða þeir nú óspart þann róg út, að stjórnin hafi
ekki viljað semja við Rússa vegna fjandskapar við þá.

Auðvitað þarf ekki orðum að því að eyða hversu fráleitur sá
söguburður er þar sem samningarnir standa á Rússum en
ekki okkur, en ekki er gott að segja hvað upp úr öngþveitinu
sprettur ef hér fer allt í kalda kol eins og sakir standa.
Hér er viðbúð, að margir telji að tregðan hjá Rússum stafi
annarsvegar af Keflavíkursamningum í haust og hinsvegar af
því, að kommúnistar hrökkluðust úr stjórninni. Get ég ekki
gert mér grein fyrir hver áhrif það hefur ef menn hér fá
þá trú, að gull og grænir skógar bíði þeirra ef Rússar
hafi hér áhrif í gegnum leppi sínum en að á vandræðum einum
sé von ef menn reyna að hrista þá af sér.

Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess, að allir
nefndarmennirnir í Moskva hafa látið það uppi við stjórnina,
að þeir telji að tregðan í Rússum stafi eingöngu af við-
skipta-ástandum en pólitískar ástæður komi þar ekki til.
Um þetta treysti ég mér ekki til að dæma til fulls en oft
hefur það jafnmikil áhrif hvað mönnum finnst vert eins og
hitt, hvað í raun og veru er satt. Þessar hugleiðingar eru
þó sannarlega óþarfar gagnvart þér. Þú þekkir öll rök og
gagnrök í þessu efni. En þó að þér sýnist ef til vill ekki
væntlegt, að fara enn á flot með þetta mál, verð ég þó að
biðja þig um að gera það til þess að ganga úr skugga um
hvaða möguleikar eru fyrir hendi.

Ef þú óskar frekari upplýsinga eða samráðs við okkur
vona ég að þú símir eða talir við okkur í stað svo sem og ég

mun að sjálfsgöðu láta þig fylgjast með öllu sem af okkar
hálfu gerist.

Að svo mæltu kveð ég með vonum um að þér og
þínum líði vel.

Svo þin

LEGATION OF ICELAND
WASHINGTON 6, D. C.

27. apríl, 1947.

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri vinur:

Eg þakka þér innilega fyrir þitt ítarlega bréf frá laugardegnum 19. apríl, sem mér barst í hendur að morgni, föstudaginn 24. Mr. Gage hringdi til mín daginn áður rétt eftir heimkomu sína til New York og póstaði hann póstpokann þegar í stað.

Eg vil þá byrja með að þakka þér fyrir að útnefna mig einasta fulltrúa Islands á United Nations Assembly. Eg hafði símað þér, að eg teldi ónauðsynleg að hafa meira en einn fulltrúa, og veit eg að þér er það fullkomlega ljóst, að þar sem aðrar þjóðir senda aðeins fámennar nefndir, og flestar smáþjóðirnar aðeins einn eða tvo menn, þá hefði það getað orðið hlægilegt ef Island hefði farið að senda stóra nefnd. Einasta málið, sem liggur fyrir er að skipa nefnd til að athuga Palestínu málið og gefa skýrslu fyrir næsta reglulega þing U.N. í haust, en þó má búast við talsverðum umræðum, einkum af hendi arabísku þjóðanna, enda þótt vitað sé, að Bretar og Bandaríkin vilji sem minnstar umræður um málið á þessum fundi. Þessvegna er talið víst, að tilmæli^{4m} arabísku þjóðanna um að gjöra Palestínu strax að sjálfstæðu ríki verði vísað frá, og tel eg rétt að greiða atkvæði með því, þar sem slíkt er ekki tímabært, en rannsókn hlutlausrar nefndar virðist mjög æskileg.

Þá vil eg þakka þér fyrir hið glögga yfirlit og ítarlegu greinargjörð um ástand og horfur í okkar markaðsmálum. Því er vel farið að samningar hafa tekizt við Breta, því enda þótt að verðið á síldarlýsinu geti talist of lágt, var það lífsnauðsyn að selja freðfiskinn og ísfiskinn. Þar sem við nú höfum selt allt að

12,000 tonnum af freðfiskinum, þá getum við andað rólega í bili varðandi afganginn.

Augljóst er, að Rússinn er erfiður, og það eina sem freistar til viðskipta við hann er, að hann vill þó taka 10,000 tonn af freðfiski að vísu \$90.00 per tonn undir ábyrgðarverði ríkisstjórnarinnar.

Þegar þið Ólafur bróðir töluðu við mig, mánudaginn 21, skildist mér á ykkur, að þið væruð aðallega áhyggjufullir útaf saltfiskinum, sem hvergi virtist nú markaður fyrir, þar sem Rússar hefðu með öllu tekið fyrir að kaupa saltfisk. Þegar í lok samtalsins við ykkur, fór eg á fund Kauffmann, sendiherra Dana, til að samhryggjast út af fráfalli Kristjáns konungs, vildi svo vel til, að þar hittu eg Dean Acheson og Cumming, sem voru þar saman í sömu erindum og eg. Eg sagði Cumming frá því, að eg hefði verið að enda við að tala við ykkur og yrði nauðsynlega að hitta hann í dag, og varð það úr að eg fór á fund hans síðdegis, og voru þar einnig viðstaddir Mr. John Morgan, aðstoðarmaður Cumming, og Mr. Wayne Jackson úr Economical Division. Eg kvartaði undan því, að það liti illa út, að einstaklingar eða félag heima á Islandi gætu selt fisk til U. S. í Þýzkalandi, en íslensku ríkisstjórninni væri opinberlega skýrt frá því, að enginn fiskur yrði keyptur til Þýzkalands. Einkum tæki það sig illa út, þegar að óþekktir agentar teldu sig geta komið á viðskiptum, sem ríkisstjórninni lánaðist ekki. Cumming sagði, að þeim væri ókunnugt um, að saltfisksölur hefðu átt sér stað til Þýzkalands, enda væru slík viðskipti ákveðin af hernaðaryfirvöldunum sjálfum í Þýzkalandi en ekki af State Department né öðrum yfirvöldum hér í Washington. Hinsvegar hafi State Department, vegna ítrekaðra óska okkar Íslendinga um fisksölu til Þýzkalands, sem m. a. voru bornar fram af minni hendi á fundi með mörgum aðilum í State Department í febrúarbyrjun, símað hernaðaryfirvöldunum í Þýzkalandi mjög eindregin tilmæli um að láta Island ganga fyrir um fisksölu. Ef einhver sala hafi farið fram eða umtal um sölu, þá áleit Cumming að það bæri að rekja til áskorana State Department.

En viðskiptin yrðu að ákveðast í Þýzkalandi. Þar sem mér hafði einmitt borizt skeyti þitt um, að Björn Ólafsson ætti að tala við yfirvöldin í Þýzkalandi um fisksölu, þá varð það að ráði með okkur Cumming, að State Department skyldi enn á ný síma herstjórninni í Þýzkalandi, skýra frá komu Björns Ólafssonar, og biðja um að greiða götu hans á allan hátt, og gjöra ítrasta til þess að kaupa fiskinn af Íslendingum. Jafnframt símaði eg þér til hvaða manns Björn ætti að snúa sér til Berlin. Í gær, laugardaginn 26, sýndi Cumming mér í trúnaði skeytið, sem hann hafði sent um Björn Ólafsson. Var þess getið, að Björn væri sjálfstæðismaður og fyrrverandi ráðherra, og vinveittur Bandaríkjunum. Ennfremur, að íslenska ríkisstjórnin vildi eiga bein viðskipti við herstjórnina, en kynni því illa, að einstakir agentar stæðu í viðskiptum við þá. Þessvegna mæltist Cumming til, að öllum viðskiptum yrði haldið að Birni. Ennfremur, að hin nýja ríkisstjórn væri vinveitt Bandaríkjunum, og að enginn kommunisti væri í henni. Rússar biðu fram viðskipti við Íslendinga, og legðu "pressure" á þjóðina, en U.S. væri "directly interested to break that pressure". Þetta atriði er auðvitað innilegt leyndarmál. Það er algjörlega brot á reglum, að fulltrúum erlendra ríkja séu sýnd leyniskeyti State Department, og það Cumming mig sérstaklega að segja þetta ekki öðrum en þér og Olafi, því að Rússar mættu ekki fréttu um slík skilaboð. En sem sagt, skeytið gat ekki verið ákveðnara. Eg áleit því, að eftir að Cumming hafði lofað að síma, og að Björn Ólafsson, sem fulltrúi ríkisstjórnarinnar, væri kominn í rétt sambönd við sjálfa kaupendur fisksins í Þýzkalandi, þá væri málið komið í hinn æskilegasta farveg, og eg gæti ekkert aðhafst frekara hér í Washington að svo stöddu. Þetta símaði eg þér strax, og jafnframt beiðni um það, að eg fengi að fylgjast með því hvað Birni yrði ágengt, svo að eg gæti rekið á eftir málinu hér ef þörf gerðist.

Eg vil geta þess, að á þessum fundi gekk eg endanlega frá því við Wayne Jackson, sem ræður í því máli, að við fengjum 10,000

tonn af kolum frá U.S.A. fyrir Ríkisverksmiðjurnar til afskipunar í maí. Verksmiðjurnar eru kolalausar, en þetta mál var mjög erfitt þar sem búið var að ráðstafa öllum kolum frá U.S.A. í maí og næstu mánuði. Eg lét þessa getið til að sýna nauðsyn þess, að við eins og aðrar þjóðir, leggjum fram beiðni okkar um kol með nægum fyrirvara í framtíðinni. Eg hafði látið orð falla um það, að ef U.S.A. keypti fisk af okkur til Þýskalands, þá ættu þeir ekki að kaupa hann af agentum, heldur af ríkisstjórninni og það á "conspicuous" hátt, svo að við gætum notað þetta til að benda á velvild Bandaríkjanna. Þá lét Mr. Morgan orð falla um það, að við gætum gjarnan gjört það "conspicuous" hvernig U.S.A. hefði bjargað okkur með samtals um 50,000 tonnum af kolum undanfarna mánuði, eftir þó að þar voru búnir að veita öðrum þjóðum öll kolin. Það vildi svo vel til, að eg gat sagt þeim, að meðan eg var í Reykjavík hefði eg lesið grein í Morgunblaðinu um það, að fyrsti kolafarmurinn væri kominn frá U.S.A., og þetta bjargaði landinu frá kolaskorti. En eg lofaði að vekja frekari athygli á þessu, og er ekkert á móti því, að það komi betur fram, að U.S.A. bjargaði okkur þar eins og svo oft áður.

Eftir að hafa lesið þitt ágæta bréf, fimmtudaginn 24., taldi eg rétt að skýra Cumming enn betur frá ástandinu, en þar sem Cumming var í flutningum þann dag - State Department er nú flutt úr sínu gamla húsi í nýja byggingu, sem nefndist The New War Building - og þar sem enn fremur eg var bundinn allan fimmtudaginn og hluta föstudagsins á fundum fiskimálanefndar FAO, hittumst við ekki fyrr en laugardaginn 26. Eg áleit rétt að leggja kortin hreinskilnislega á borðið fyrir Cumming og í fyllsta þrúnaði. Þessvegna þýddi eg fyrir hann ýmsa kafla úr bréfi þínu varðandi hina pólitísku hlið þess, og er Cumming sjálfur okkur innilega sammála í þessu efni. Hann sagði mér nú frá því, að hann hefði símað sendiherra U.S.A. í Kaupmannahöfn og spurð fyrir um það, hvort nokkur fisksala til Þýskalands hefði farið fram fyrir milligöngu amerískra yfirvalda í Danmörku, og kvað sendiherrann nei við því. Okkur Cumming kom saman um það, að nú væri málið í réttum farvegi, þar sem fülltrúi ríkis-

stjórnarinnar, Björn Ólafsson, hlyti nú að vera í sambandi við hernaðaryfirvöldin í Berlin, og skyldum við því bíða fregna af mála-leitunum hans. Ennfremur ræddum við um möguleika á saltfisksölu til Grikklands, eftir að Grikkland hefði fengið 300 milljón dollara styrk frá U.S.A. Varð það að ráði, að rétt væri þegar eftir að séð væri um árangurinn á saltfisksölu til Þýskalands, að Hálfán Bjarnason, eða þá fær maður að heiman, færi til Grikklands, setti sig í samband við American Embassy í Apenu, er kæmi honum í kynni við hin réttu grísku yfirvöld. En samtímis mundi State Department síma sendiráðinu í Apenu að leggja áherzlu á saltfiskkaup frá Íslandi. Eg vil því eindregið mælast til þess að þetta verði gjört, nema ef svo skyldi fara að Þýskaland tæki allan saltfiskinn, sem því miður er ólíklegt. Ef úr förinni verður, þarf eg að vita um það svo State Department geti gjört ráðstafanir héðan. Í þessu sambandi vil eg geta þess, að þegar ^{að loknum} ~~í lok fundarinn~~ við Cumming, fór eg í lunch, sem General Bonesteel bauð mér í ásamt tveim ágætum Íslandsvinum og fyrrverandi sendiherrum í Reykjavík, MacVeagh, sem nú er einmitt Ambassador í Apenu, og fór þangað í dag, og Leland Morris. Þess skal getið, að allir þessir menn báðu mjög innilega að heilsa Ólafi bróðir, og sagðist MacVeagh við fyrsta tækifæri ætla að koma og heilsa upp á hann og aðra góða vini. Eg notaði tækifærið að lokinni máltíðinni til að tala nokkur orð einslega við MacVeagh um þessa fyrirhuguðu sendiför. Lofaði hann að greiða fyrir slíkum sendimanni, enda líkaði honum vel sú hugmynd að samtímis því, sem Grikkir yrðu gjörðir ánægðir með því að fá góðan mat, þá gætu Bandaríkin augljóslega sýnt Íslandi velvilja. Þessi leið er því mjög til athugunar. Ef úr þessari sendiför verður, er nauðsynlegt að eg fylgist með, svo eg geti rekið á eftir við State Department ef erfiðleikar eru á veginum.

Annað er fram kom í samtali okkar Cumming var það, að Cumming sagði, að Þjóðviljinn hefði ráðist á sig í grein 18. apríl, út af Hvalfirði, en hann var því feginn, að þú hafðir á Þinginu eindregið neitað því, að Cumming hefði haft nokkur afskipti af því máli í síðustu heimsókn sinni til Íslands. Var honum annars ósárt

um skrif Þjóðviljans, og tók hann þeirri tillögu minni glaðlega að senda Þjóðviljanum stækkaða mynd af sér. Eg sagði Cumming annars, að mér þætti það næsta einkennilegt, að samtímis því sem hann segði mér opinberlega, að ekkert væri hægt að gjöra hér frekar í fískisölu- málunum, þá hefði fulltrúi U.S.A. í Reykjavík samtímis málaleitun minni, tvívegis stungið upp á því, að sérstakur fulltrúi kæmi til að semja um fískisölumálin. Cumming sagði að þetta væri misskilningur, því að hér í Washington væri ekkert frekara hægt að aðhafast, en hinsvegar sagði hann, að fyrri tilmælin ~~XXXX~~ frá Shelton Thomas og Rogatnick hefðu verið vegna þess, að Jói álití að Jón Gunnarsson beitti ekki réttí aðferð til að auka sölu á frystifíski hér, og hefði hann meint að business menn ættu að koma til að ná samböndum við innflytjendur á frystum físki. Eg sagði Cumming, að auðvitað væri mér ekkert kærara en að menn kæmu að heiman ef einhver líkindi væru fyrir samningum um fískíkaup. Ennfremur sagði eg honum það í trúnaði, að Ólafur bróðir hefði verið að hugsa um að koma, en hann hefði sjálfur ekki álitíð það tímabært. Hinsvegar hefði komið til mála, að Ólafur kæmi hingað í haust á United Nations General Assembly, og var Cumming mjög hvetjandi þess.

Í lok samtalsins sagðist eg vilja skýra Cumming frá því, að engu líkara væri en bænir mínar hefðu heyrst, því í gær síðdegis (föstudag 25.), hefði hringt til mín Major Fraser úr War Department og spurt mig hvort við hefðum físk til sölu til Þýzkalands, og hefði eg verið fljótur að segja honum, að svo væri, og ætti eg nú að hitta hann síðdegis þennan dag, laugardag. Cumming var þá fljótur til að segja, að þetta stafaði af því, að hernum væri kunnugt um óskir State Department. Óskaði hann að fylgjast með viðtölum mínum við War Department.

Eg fór svo í gær síðdegis út í Pentagon og hitti þar auk Major Fraser, Colonel Baldwin og ^{Annay} ~~hans~~ herforingja. Þeir sögðu mér, að þeir ættu að kaupa fyrir þýzku þjóðina á hin~~um~~ sameinuðu her-
^{Svæðum} ~~stævar~~ Bretlands og Bandaríkjana (for the German population in the combined U.K. and U.S.A. zone) allt að 26,000 tonn af físki á

tímabilinu frá 1. maí til 30. júní, 1947. Ennfremur mundi verða keypt handa Þjóðverjum samtals 85,000 tonn af fiski á tímabilinu frá 1. júlí, 1947 til 30. júní, 1948. Eg sagði þeim strax að þetta væru góðar fregnir, því að Islendingar væru mestu fiskframleiðsluþjóð í heimi og mér væri kunnugt um það, að það væri eindregin ósk State Department, að við yrðum látnir ganga fyrir um viðskipti. Menn þessir voru ókunnugir fisksöllumálum og vildu vita um tegundir, verð og magn. Eg sagði þeim, að um þrennt ^{fernt} væri að ræða.

1. Wetsalted codfish. Við gætum þegar í stað sent ein 10,000 tonn, og síðar líklega ein 5,000 tonn, og miðaði eg þar við það, að ársframleiðslan yrði ca. 25,000 tonn, en mér skilst, að það séu þegar 10,000 tonn seld. Væri auðvitað mjög hagkvæmt ef hægt væri að selja 10,000 tonn strax, en ca. 5,000 tonn til Grikklands ef auk þess yrði hægt að selja eitthvað saltfisk magn upp í þau 85,000 tonn, sem kaupa á eftir 1. júlí næstkomandi. Því ef um slíkt yrði að ræða, gætu togararnir aftur farið á saltfiskveiðar. Framleiðsluverðið, sem ríkisstjórnin hefði ábyrgðst framleiðendum væri um 350 dollarar per 1000 kílo f.o.b.

2. Isaður fiskur, sem togararnir gætu landað í Þýzkalandi. Magnið gæti verið nær ótakmarkað og verðið væri um 300 dollarar per 1000 kílo s.i.f. Þýzkaland. Þetta verð ^{taki} eg upp úr skýrslu rússnesku samninganefndarinnar.

3. Frozen Fillets. Magn 10-15,000 tonn, og væri verðið fyrir þessa fínu matvöru um 460 dollarar per 1000 kílo f.o.b. Það varð strax augljóst, að þetta verð þótti hátt. Colonel Baldwin sagði, eins og aðrir hafa sagt hér, að þeir yrðu að reyna að fá sem flestar kaloríur fyrir sem minnsta peninga. Miðað við hveiti myndi kalorian af saltfiski vera ca. níu sinnum dýrari. Eg benti enn á ný á það, að skrifað stæði, að maðurinn lifði ekki á brauði einu saman, og þeir játuðu því, að Þjóðverjar þyrftu fisk, en þeir yrðu að kaupa hann, þar sem hann væri ódýrastur. Eg sagði þeim þá, að fleiri sjónarmið gætu komið til greina, t. d. hið pólitíska, en

þeir virtust hræddir við að Congress kynni því illa, að Þjóðverjar yrðu aldir á luxus-vöru. Colonel Baldwin spurði, hvort komið gæti til mála, að Þjóðverjum sjálfum yrði gjört að greiða, t. d. 15-20% andvirðisins síðar með eigin framleiðslu vörum til Islendinga, er þeir yrðu þess megnugir. Eg kvað, að okkur skorti mjög dollara til að geta haldið áfram lífsnauðsynlegum innkaupum hér í Bandaríkjunum, en ef að óhjákvæmilegt yrði að veita einhvern greiðslufrest, þá skyldum við taka það til athugunar. Eg skýrði þeim nú frá sendiför Björn Ólafssonar, og spurði þá hvort þessir samningar mættu halda áfram í Berlin, eða yrðu að fara fram hér í Washington. Þeir sögðu strax, að æskilegt væri að samið yrði hér í Washington að minnsta kosti um fjárhagshliðina, því að þeir hefðu peningana hér, en hinsvegar gæti komið til mála, að teknisk atriði og nánara fyrirkomulag afhendingar yrði afgjört í Berlin, og taldi eg það æskilegt. Þeir sögðust nú þegar í stað mundu síma General Clay, yfir-hersvaði U.S.A. í Þýskalandi og segja honum frá þessu viðtali, og jafnframt spyrja hann, hvernig hann óskaði samningunum háttað. Þeir sögðust búast við svari seinni hluta þessarar viku, og mundu láta mig vita samstundis, en eg gaf þeim addressu mína í New York. Eg spurði þá einnig hvort ekki kæmi til mála að selja sjálfum Bandaríkjahernum í Þýskalandi fisk til eigin neyzlu og töldu þeir, að það gæti komið til mála, enda þótt hermennirnir væru litlar fiskatur. En innkaup til hersins sjálfs færu fram í Frankfurt, og beri að snúa sér til Theater Quartermaster þar. Er því æskilegt, að Björn Ólafsson, eða einhver fari til Frankfurt.

4. Saltsíld til afhendingar næsta haust. Magn ótiltekið. Verð taldi eg um 31 dollara per tunnu f.o.b. Þetta getur mjög komið til mála.

Hvað sem úr þessu verður tel eg samtál þetta, sem stóð í rúmlega eina og hálf klukkustund mjög þýðingarmikið, og talsvert á annan veg og líklegra en Cumming hafði haldið. Er það auðvitað vanþekkingu hans á aðferðum hersins einni að kenna, því að Cumming yrði engu fegnari en ef við losuðumst við einhvern fisk fyrir að-

gerðir Bandaríkjanna. Eg mun nú hringja heim til Cumming - í dag er sunnudagur - og skýra hinum frá samtali þessu, og eg mun gæta þess, að hann viti um allt, sem fram fer, svo að áhugi hans dofni ekki og hann þurfi út af engu að firtast.

Eg fer í nótt til New York til að mæta í fyrramálið á fundi United Nations, og verð eg, eins og eg símaði þér, á Barclay Hotel. Þar getur þú náð til mín, hvort heldur á degi eða nóttu (vona ég!), bæði með símskeyti og eins í síma, og jafnframt mun eg verða í sambandi við War Department, State Department, og að sjálfsögðu stöðugt við sendiráðið. Samkvæmt tilmælum þínum, mun eg geta skroppið til Montreal í lok fundar United Nations, en eg tel rétt að eg sé formaður þeirrar nefndar, svo að Ellingsen þurfi ekki að vera það, og enn fremur gott að geta kontrolerað hann, og það mun eg gjöra með símtölum við þá í Montreal unz eg kem þangað.

Ut af öllum þessum bollaleggingum liggur vel á mér, og vona eg, að það sé einnig táp og fjör á þína hlið, þótt kolsvartir erfiðleikar séu oft framundan. Eg mun senda Ólafi samrit þessa bréfs, en sendi þér tvö eintök, þótt þú líklega geti engum sýnt þetta bréf, en úr því skerð þú auðvitað sjálfur.

Agústa biður innilega að heilsa þér og þinni ágætu konu.

Lífðu heill,

Þinn einlegur

Thor Thors

27. apríl, 1947.

Herra utanríkisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kari vinur:

Eg þakka þér innilega fyrir þitt ítarlega bréf frá laugardeginum 19. apríl, sem mér barst í hendur að morgni, föstudaginn 24. Mr. Gage hringdi til mín daginn áður rétt eftir heimkomu sína til New York og póstaði hann póstpökann þegar í stað.

Eg vil þá byrja með að þakka þér fyrir að útnefna mig einasta fulltrúa Íslands á United Nations Assembly. Eg hefði símað þér, að eg teldi ónauðsynleg að hafa meira en einn fulltrúa, og veit eg að þér er það fullkomlega ljóst, að þar sem aðrar þjóðir senda aðeins fámennar nefndir, og flestar smáþjóðirnar aðeins einn eða tvo menn, þá hefði það getað orðið hlægilegt ef Ísland hefði farið að senda stóra nefnd. Einasta málið, sem liggur fyrir er að skipa nefnd til að athuga Palestínu málið og gefa skýrslu fyrir næsta reglulegt þing U.N. í haust, en þó má búast við talsverðum umræðum, einkum af hendi arabísku þjóðanna, enda þótt vitað sé, að Bretar og Bandaríkin vilji sem minnstar umræður um málið á þessum fundi. Þessvegna er talið víst, að tilhjá arabísku þjóðanna um að gjöra Palestínu strax að sjálfstæðu ríki verði vísað frá, og tel eg rétt að greiða atkvæði með því, þar sem slíkt er ekki tímabært, en rannsókn hlutlausrar nefndar virðist mjög askileg.

Þá vil eg þakka þér fyrir hið glögga yfirlit og ítarlegu greinargjörð um ástand og horfur í okkar markaðsmálum. Því er vel farið að samningar hafa tekizt við Breta, því enda þótt að verði á sildarlýsinu geti talist of lágt, var það lífsnauðsyn að selja freðfiskinn og ísfiskinn. Þar sem við nú höfum selt allt að

12,000 tonnum af freðfiskinum, þá getum við andað rólega í bili varðandi afganginn.

Augljóst er, að Rússinn er erfiður, og það eina sem freistar til viðskipta við hann er, að hann vill þó taka 10,000 tonn af freðfiski að vísu \$90.00 per tonn undir ábyrgðarvergi ríkisstjórnarinnar.

Þegar þið Ólafur bróðir tölugu við mig, mánudaginn 21, skildist mér á ykkur, að þið væruð aðallega áhyggjufullir útaf saltfiskinum, sem hvergi virtist nú markaður fyrir, þar sem Rússar hefðu með öllu tekið fyrir að kaupa saltfisk. Þegar í lok samtalsins við ykkur, fór eg á fund Kauffmann, sendiherra Dana, til að samhyggjast út af fráfalli Kristjáns konungs, vildi svo vel til, að þar hitti eg Dean Acheson og Cumming, sem voru þar saman í sömu erindum og eg. Eg sagði Cumming frá því, að eg hefði verið að enda við að tala við ykkur og yrði nauðsynlega að hitta hann í dag, og varð það úr að eg fór á fund hans síðdegis, og voru þar einnig viðstaddir Mr. John Morgan, aðstoðarmaður Cumming, og Mr. Wayne Jackson úr Economical Division. Eg kvartaði undan því, að það liti illa út, að einstaklingar eða félag heima á Íslandi getu selt fisk til U. S. í Þýskalandi, en íslensku ríkisstjórninni væri opinberlega skýrt frá því, að enginn fiskur yrði keyptur til Þýskalands. Einkum tæki það sig illa út, þegar að óþekktir agentar teldu sig geta komið á viðskiptum, sem ríkisstjórninni lánarist ekki. Cumming sagði, að þeim væri ókunnugt um, að saltfisksölur hefðu átt sér stað til Þýskalands, enda væru slík viðskipti ákveðin af hernaðaryfirvöldunum sjálfum í Þýskalandi en ekki af State Department né öðrum yfirvöldum hér í Washington. Hinsvegar hafi State Department, vegna ítrekaðra óska okkar Íslendinga um fiskeölu til Þýskalands, sem m. a. voru bornar fram af minni hendi á fundi með mörgum aðilum í State Department í febrúarbyrjun, símað hernaðaryfirvöldunum í Þýskalandi mjög eindregin tilmæli um að láta Ísland ganga fyrir um fiskeölu. Ef einhver sala hafi farið fram eða umtal um sölu, þá áleit Cumming að það beri að rekja til áskorana State Department.

En viðskiptin yrðu að ákveðast í Þýzkalandi. Þar sem mér hafði einmitt borizt skeyti þitt um, að Björn Ólafsson ætti að tala við yfirvöldin í Þýzkalandi um fisksölu, þá varð það að ráði með okkur Cumming, að State Department skyldi enn á ný síma herstjórninni í Þýzkalandi, skýra frá komu Björns Ólafssonar, og biðja um að greiða götu hans á allan hátt, og gjöra ítrasta til þess að kaupa fiskinn af Íslendingum. Jafnframt símaði eg þér til hvaða manns Björn ætti að snúa sér til Berlin. Í gær, laugardaginn 26, sýndi Cumming mér í trúnaði skeytið, sem hann hafði sent um Björn Ólafsson. Var þess getið, að Björn væri sjálfstæðismaður og fyrrverandi ráðherra, og vinveittur Bandaríkjunum. Ennfremur, að íslenska ríkisstjórnin vildi eiga bein viðskipti við herstjórnina, en kynni því illa, að einstakir agentar stæðu í viðskiptum við þá. Þessvegna mæltist Cumming til, að öllum viðskiptum yrði haldið að Birni. Ennfremur, að hin nýja ríkisstjórn væri vinveitt Bandaríkjunum, og að enginn kommunisti væri í henni. Rússar biðu fram viðskipti við Íslendinga, og legðu "pressure" á þjóðina, en U.S. væri "directly interested to break that pressure". Þetta atriði er auðvitað innilegt leyndarmál. Það er algjörlega brot á reglum, að fulltrúum erlendra ríkja séu sýnd leyniskeyti State Department, og það Cumming mig sérstaklega að segja þetta ekki öðrum en þér og Ólafi, því að Rússar mættu ekki fréttu um slík skilaboð. En sem sagt, skeytið gat ekki verið ákveðnara. Eg áleit því, að eftir að Cumming hafði lofað að síma, og að Björn Ólafsson, sem fulltrúi ríkisstjórnarinnar, væri kominn í rétt sambönd við sjálfa kaupendur fisksins í Þýzkalandi, þá væri málið komið í hinn æskilegasta farveg, og eg gæti ekkert aðhafst frekara hér í Washington að svo stöddu. Þetta símaði eg þér strax, og jafnframt beiðni um það, að eg fengi að fylgjast með því hvað Birni yrði ágengt, svo að eg gæti rekið á eftir málinu hér ef þörf gerðist.

Eg vil geta þess, að á þessum fundi gekk eg endanlega frá því við Wayne Jackson, sem ræður í því máli, að við fengjum 10,000

tonn af kolum frá U.S.A. fyrir Ríkisverksmiðjurnar til afskipunar í maí. Verksmiðjurnar eru kolalausar, en þetta máli var mjög erfitt þar sem búlið var að ráðstafa öllum kolum frá U.S.A. í maí og næstu mánuði. Eg lét þessa getið til að sýna nauðsyn þessa, að við eins og aðrar þjóðir, leggjum fram beiðni okkar um kol með nægum fyrirvara í framtíðinni. Eg hafði látið orð falla um það, að ef U.S.A. keypti fisk af okkur til Þýskalands, þá ættu þeir ekki að kaupa hann af agentum, heldur af ríkisstjórninni og það á "conspicuous" hátt, svo að við gætum notað þetta til að benda á velvild Bandaríkjanna. Þá lét Mr. Morgan orð falla um það, að við gætum gjarnan gjört það "conspicuous" hvernig U.S.A. hefði bjargað okkur með samtals um 50,000 tonnum af kolum undanfarna mánuði, eftir þó að þeir voru búnir að veita öðrum þjóðum öll kolin. Það vildi svo vel til, að eg gat sagt þeim, að meðan eg var í Reykjavík hefði eg lesið grein í Morgunblaðinu um það, að fyrsti kolafarmurinn væri kominn frá U.S.A., og þetta bjargaði landinu frá kolaskorti. En eg lofaði að vekja frekari athygli á þessu, og er ekkert á móti því, að það komi betur fram, að U.S.A. bjargaði okkur þar eins og svo oft áður.

Eftir að hafa lesið þitt ágæta bréf, fimtudaginn 24., taldi eg rétt að skýra Cumming enn betur frá ástandinu, en þar sem Cumming var í flutningum þann dag - State Department er nú flutt úr sínu gamla húsi í nýja byggingu, sem nefndist The New War Building - og þar sem enn fremur eg var bundinn allan fimtudaginn og hluta föstudagsins á fundum fiskimálanefndar FAO, hittumst við ekki fyrr en laugardaginn 26. Eg áleit rétt að leggja kortin hreinskilnislega á borðið fyrir Cumming og í fyllsta trúnaði. Þessvegna þýddi eg fyrir hann ýmsa kafla úr bréfi þínu varðandi hina pólitísku hlið þess, og er Cumming sjálfur okkur innilega sammála í þessu efni. Hann sagði mér nú frá því, að hann hefði símað sendiherra U.S.A. í Kaupmannahöfn og spurst fyrir um það, hvort nokkur fiskeala til Þýskalands hefði farið fram fyrir milligöngu amerískra yfirvalda í Danmörku, og kvað sendiherrann nei við því. Okkur Cumming kom saman um það, að nú væri málið í réttum farvegi, þar sem fúltrúi ríkis-

stjórnarinnar, Björn Ólafsson, hlyti nú að vera í sambandi við hernaðaryfirvöldin í Berlin, og skyldum við því bíða fregna af mála-leitunum hans. Ennfremur ræddum við um möguleika á saltfisksölu til Grikklands, eftir að Grikkland hefir fengið 300 milljón dollara styrk frá U.S.A. Varð það að ráði, að rétt væri þegar eftir að séð væri um árangurinn á saltfisksölu til Þýskalands, að Hálfván Bjarnason, eða þá fer maður að heiman, fer til Grikklands, setti sig í samband við American Embassy í Aþenu, er kemi honum í kynni við hin réttu grísku yfirvöld. En samtímis mundi State Department síma sendiráðinu í Aþenu að leggja áherslu á saltfiskkaup frá Íslandi. Eg vil því eindregið mælast til þess að þetta verði gjört, nema ef svo skyldi fara að Þýskaland tæki allan saltfiskinn, sem því miður er ólíklegt. Ef úr förinni verður, þarf eg að vita um það svo State Department geti gjört ráðstafanir héðan. Í þessu sambandi vil eg geta þess, að þegar ~~ad lok fundarins~~ við Cumming, fór eg í lunch, sem General Bonesteel bauð mér í ásamt tveim ágætum Íslandsvinum og fyrrverandi sendiherrum í Reykjavík, MacVeagh, sem nú er einmitt Ambassador í Aþenu, og fór þangað í dag, og Leland Morris. Þess skal getið, að allir þessir menn báðu mjög innilega að heilsa Ólafi bróðir, og sagðist MacVeagh við fyrsta tækifæri ætla að koma og heilsa upp á hann og aðra góða vini. Eg notaði tækifærið að lokinni máltíðinni til að tala nokkur orð einslega við MacVeagh um þessa fyrirhuguðu sendiför. Lofaði hann að greiða fyrir slíkum sendimanni, enda líkaði honum vel sú hugmynd að samtímis því, sem Grikkir yrðu gjörðir ánægðir með því að fá góðan mat, þá getu Bandaríkin augljóslega sýnt Íslandi velvilja. Þessi leið er því mjög til athugunar. Ef úr þessari sendiför verður, er nauðsynlegt að eg fylgist með, svo eg geti rekið á eftir við State Department ef erfiðleikar eru á veginum.

Annað er fram kom í samtali okkar Cumming var það, að Cumming sagði, að Þjóðviljinn hefði ráðist á sig í grein 18. apríl, út af Hvalfirði, en hann var því feginn, að þú hafðir á Þinginu eindregið neitað því, að Cumming hefði haft nokkur afskipti af því máli í síðustu helmsókn sinni til Íslands. Var honum annars ósárt

um skrif Þjóðviljans, og tók hann þeirri tillögu minni glaðlega að senda Þjóðviljanum stækkaða mynd af sér. Eg sagði Cumming annars, að mér þætti það næsta einkennilegt, að samtímis því sem hann segði mér opinberlega, að ekkert væri hægt að gjöra hér frekar í fískisölu- málunum, þá hefði fulltrúi U.S.A. í Reykjavík samtímis málaleitun minni, tvívegis stungið upp á því, að sérstakur fulltrúi kæmi til að semja um fískisöluálin. Cumming sagði að þetta væri misskilningur, því að hér í Washington væri ekkert frekara hægt að aðhafast, en hinsvegar sagði hann, að fyrri tilmælin ~~XXXX~~ frá Shelton Thomas og Rogatnick hefðu verið vegna þess, að Jói álitir að Jón Gunnarsson beitti ekki réttu aðferð til að auka sölu á frystifíski hér, og hefði hann meint að business menn ættu að koma til að ná samböndum við innflytjendur á frystum físki. Eg sagði Cumming, að auðvitað væri mér ekkert kerara en að menn komu að heiman ef einhver líkindi væru fyrir samningum um fískikaup. Ennfremur sagði eg honum það í trúnaði, að Ólafur bróðir hefði verið að hugsa um að koma, en hann hefði sjálfur ekki álitnið það tímabært. Hinsvegar hefði komið til mála, að Ólafur kæmi hingað í haust á United Nations General Assembly, og var Cumming mjög hvetjandi þess.

Í lok samtalsins sagðist eg vilja skýra Cumming frá því, að engu líkara væri en þeir minar hefðu heyrst, því í gær síðdegis (föstudag 25.), hefði hringt til mín Major Fraser úr War Department og spurt mig hvort við hefðum físk til sölu til Þýskalands, og hefði eg verið fljótur að segja honum, að svo væri, og ætti eg nú að hitta hann síðdegis þennan dag, laugardag. Cumming var þá fljótur til að segja, að þetta stafaði af því, að hernum væri kunnugt um óskir State Department. Óskaði hann að fylgjast með viðtölum mínum við War Department.

Eg fór svo í gær síðdegis út í Pentagon og hitti þar auk Major Fraser, Colonel Baldwin og ^{Annar} hans herforingja. Þeir sögðu mér, að þeir ættu að kaupa fyrir þýzku þjóðina á hinar sameinuðu her-
^{Sveðjum} ~~stævar~~ Bretlands og Bandaríkjana (for the German population in the combined U.K. and U.S.A. zone) allt að 26,000 tonn af físki á

tímabilinu frá 1. maí til 30. júní, 1947. Ennfremur mundi verða keypt handa Þjóðverjum samtals 85,000 tonn af fiski á tímabilinu frá 1. júlí, 1947 til 30. júní, 1948. Eg sagði þeim strax að þetta væru góðar fregnir, því að Íslendingar væru mest fiskframleiðsluþjóð í heimi og mér væri kunnugt um það, að það væri eindregin ósk State Department, að við yrðum látnir ganga fyrir um viðskipti. Mennt þessir voru ókunnugir fiskisöllumálum og vildu vita um tegundir, verð og magn. Eg sagði þeim, að um þrennt ^{fernt} væri að ræða.

1. Wetsalted codfish. Við gætum þegar í stað sent ein 10,000 tonn, og síðar líklega ein 5,000 tonn, og miðaði eg þar við það, að ársframleiðslan yrði ca. 25,000 tonn, en mér skilst, að það séu þegar 10,000 tonn seld. Væri auðvitað mjög hagkvæmt ef hægt væri að selja 10,000 tonn strax, en ca. 5,000 tonn til Grikklands ef auk þess yrði hægt að selja eitthvað saltfisk magn upp í þau 85,000 tonn, sem kaupa á eftir 1. júlí næstkomandi. Því ef um slíkt yrði að ræða, gætu togararnir aftur farið á saltfiskveiðar. Framleiðsluverðið, sem ríkisstjórnin hefur ábyrgðast framleiðendum væri um 350 dollarar per 1000 kílo f.o.b.

2. Isaþur fiskur, sem togararnir gætu landað í Þýskalandi. Magnið geti verið nær ótakmarkað og verðið væri um 300 dollarar per 1000 kílo s.l.f. Þýskaland. Þetta verð tók eg upp úr skýrslu rússnesku samninganefndarinnar.

3. Frozen Fillets. Magn 10-15,000 tonn, og væri verðið fyrir þessa finu matvöru um 460 dollarar per 1000 kílo f.o.b. Það varð strax augljóst, að þetta verð þótti hátt. Colonel Baldwin sagði, eins og aðrir hafa sagt hér, að þeir yrðu að reyna að fá sem flestar kaloríur fyrir sem minnsta peninga. Miðað við hveiti myndi kalorían af saltfiski vera ca. níu sinnum dýrari. Eg benti enn á ný á það, að skrifað staði, að maðurinn lifði ekki á brauði einu saman, og þeir játuðu því, að Þjóðverjar þyrftu fisk, en þeir yrðu að kaupa hann, þar sem hann væri ódýrastur. Eg sagði þeim þá, að fleiri sjónarmið gætu komið til greina, t. d. hið pólitíska, en

þeir virtust hræddir við að Congress kynni því illa, að Þjóðverjar yrðu aldir á luxus-vöru. Colonel Baldwin spurði, hvort komið gæti til mála, að Þjóðverjum sjálfum yrði gjört að greiða, t. d. 15-20% andvirðisins síðar með eigin framleiðslu vörum til Íslendinga, er þeir yrðu þess megnugir. Eg kvað, að okkur skorti mjög dollara til að geta haldið áfram lífsnauðsynlegum innkaupum hér í Bandaríkjunum, en ef að óhjákvæmilegt yrði að veita einhvern greiðslufrest, þá skyldum við taka það til athugunar. Eg skýrði þeim nú frá sendiför Björn Ólafssonar, og spurði þá hvort þessir samningar mættu halda áfram í Berlin, eða yrðu að fara fram hér í Washington. Þeir sögðu strax, að æskilegt væri að samið yrði hér í Washington að minnsta kosti um fjárhagshliðina, því að þeir hefðu peningana hér, en hins vegar gæti komið til mála, að teknisk atriði og nánara fyrirkomulag afhendingar yrði afgjört í Berlin, og taldi eg það æskilegt. Þeir sögðust nú þegar í stað mundu síma General Clay, yfir-herforingja U.S.A. í Þýskalandi og segja honum frá þessu viðtali, og jafnframt spyrja hann, hvornig hann óskaði samningunum háttað. Þeir sögðust búast við svari seinni hluta þessarar viku, og mundu láta mig vita samstundis, en eg gaf þeim addressu mína í New York. Eg spurði þá einnig hvort ekki kæmi til mála að selja sjálfum Bandaríkjahernum í Þýskalandi fisk til eigin neyzlu og töldu þeir, að það gæti komið til mála, enda þótt hermennirnir væru litlar fisketur. En innkaup til hersins sjálfs færu fram í Frankfurt, og beri að snúa sér til Theater Quartermaster þar. Er því æskilegt, að Björn Ólafsson, eða einhver fari til Frankfurt.

4. Saltsíld til afhendingar næsta haust. Magn ótiltekið. Verð taldi eg um 31 dollara per tunnu f.o.b. Þetta getur mjög komið til mála.

Hvað sem úr þessu verður tel eg samtál þetta, sem stóð í rúmlega eina og hálf klukkustund mjög þýðingarmikið, og talsvert á annan veg og líkleggra en Cumming hafði haldið. Er það auðvitað vanþekkingu hans á aðferðum hersins einni að kenna, því að Cumming yrði engu fegnari en ef við losuðumst við einhvern fisk fyrir að-

gerðir Bandaríkjanna. Eg mun nú hringja til Cumming - í dag er sunnudagur - og skýra hinum frá samtali þessu, þess, að hann viti um allt, sem fram fer, svo að áhugi hans ekki og hann þurfi út af engu að firtast.

Eg fer í nótt til New York til að mæta í fyrramálið á fundi United Nations, og verð eg, eins og eg símaði þér, á Barclay Hotel. Þar getur þú náð til mín, hvort heldur á degi eða nóttu (vona ég!), bæði með símskeyti og eins í síma, og jafnframt mun eg verða í sambandi við War Department, State Department, og að sjálfsögðu stöðugt við sendiráðið. Samkvæmt tilmælum þínum, mun eg geta skroppið til Montreal í lok fundar United Nations, en eg tel rétt að eg sé formaður þeirrar nefndar, svo að Ellingsen þurfi ekki að vera það, og enn fremur gott að geta kontrolerað hann, og það mun eg gjöra með símtölum við þá í Montreal unz eg kem þangað.

Út af öllum þessum bollaleggingum liggur vel á mér, og vona eg, að það sé einnig táp og fjör á þína hlið, þótt kolsvartir erfiðleikar séu oft framundan. Eg mun senda Ólafi samrit þessa bréfs, en sendi þér tvö eintök, þótt þú líklega getir engum sýnt þetta bréf, en úr því skerð þú auðvitað sjálfur.

Agústa biður innilega að heilsa þér og þinni ágætu konu. Lífðu heill.

DANSK AMBASSADE

Fortroligt.

Washington 8.D.C.

Journ.Nr.5.T.13.

Den 16.Juli 1947.

Nr.XV.

USA's Udenrigspolitik paa længere Sigt.
(Fortsættelse til Depeche Nr.XIV af
11.7.1947.

Hr.Udenrigsminister,

Som omtalt i min ærbødige Depeche forleden er der ud-
skaaret forskellige Dele af Hr.George F.Kennans Memorandum til
Udenrigsminister Marshall, inden det offentliggjordes anonymt i
"Foreign Affairs". I nærværende Depeche skal der i Fortrolighed
gives nogle supplerende Oplysninger om U.S.A.s udenrigspolitiske
Linie i Forhold til Rusland.

For at resumere: State Department gaar ud fra, at
Kremlin fuldt og fast tror paa, at de kapitalistiske Lande nød-
vendigvis vil bryde sammen, og Kommunismen før eller senere komme
til Magten. Rusland betragter dette som en Naturlov og mener
derfor at have Tid til at vente, men opretholder for at fremme
Udviklingen et fast, men elastisk Tryk mod Maalet. U.S.A.s Poli-
tik heroverfor er at opretholde et tilsvarende fast og taalmodigt
Modtryk og med Vaagenhed og Behændighed at skifte dette fra det
ene geografiske og politiske Punkt til det andet. Denne Politik
vil styrke Tendenser i Rusland, som haaber man, inden for det næste
10-15 Aar vil medføre det nuværende Magtsystems Sammenbrud.

Baade Rusland og U.S.A. lægger saaledes gensidigt deres
Politik an paa Modstanderens indre Sammenbrud. De russiske Ledere
anser imidlertid efter amerikansk Opfattelse en kommende indre
Omvaltning i U.S.A. som noget sikkert og uafvendeligt, medens
U.S.A. paa sin Side kun regner med et indre Sammenbrud i Rusland
som en Mulighed, men en Mulighed som Hr.Kennan og andre af

Hr.Udenrigsminister Gustav Rasmussen, R.af Dbg., DM.
Udenrigsministeriet
København.

State Department's Ruslands-Eksperter mener ingenlunde er blot teoretisk. Ligesom den russiske Teori om et snarligt økonomisk Sammenbrud i U.S.A. synes mere baseret paa Ønskedrømme end Virkelighed, kan den amerikanske Opfattelse om et politisk Sammenbrud i Rusland formodentlig heller ikke siges at være uinflueret af, hvad man her gerne ser. Naar man fra ledende amerikansk Side hæfter sig saa stærkt ved denne Mulighed, skyldes det dog ikke saa meget, at man regner med, at den har en meget stærk Sandsynlighed for sig som det, at man i disse Kredse i Virkeligheden anser det for den eneste Mulighed for at undgaa en ødelæggende Stormagtskrig; men føler derfor, at man bør gøre sit bedste for at udnytte denne Mulighed, hvad enten den nu er større eller mindre.

